

Nd.

178. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Með frumvarpinu er farið fram á, að rikissjóður leggi fram $\frac{2}{3}$ hluta kostnaðar við hafnargerð á Ísafirði, í stað $\frac{1}{3}$ hluta, sem ákveðið er að rikissjóður leggi fram samkv. gildandi lögum.

Að visu hefir verið gert ráð fyrir því í þeim lögum um hafnargerðir, sem afgreidd hafa verið á undanfórnum þingum, að ríkið legði fram $\frac{2}{3}$ kostnaðar. En þess ber að gæta, að þau lög eru um hafnargerðir á stöðum, þar sem aðstaða er erfið og geta ibúa til framlaga eigi mikil, miðað við kostnað við hafnargerðirnar. Getur meiri hl. ekki fallizt á, að sú hafnargerð, sem hér er um að ræða, sé hliðstæð í þessu efni.

Ennfremur er meiri hl. nefndarinnar ljóst, að ef þetta frv. verður samþ., er illt að komast hjá því að veita $\frac{2}{3}$ hluta til allra hafnargerða, án tillits til þess, hverjar ástæður eru fyrir hendi, og einnig þeirra, sem þegar hafa verið setti lög um og lægra tillag er ætlað.

Alþingi, 25. nóv. 1933.

Bergur Jónsson,
form.

Eysteinn Jónsson,
frsm.

Ólafur Thors.